

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120 / 1262*

*komudagur 27/3 1996*

Reykjavík 25. mars 1996

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um upplýsingalög 361. mál.

Löngu var orðið tímabært að lög yrðu sett á Íslandi, sem tryggðu almenningi aðgang að upplýsingum hins opinbera, einsog tíðkast á Norðurlöndunum og víðar. Það er afar mikilvægt fyrir lýðræðisþjóðfélag að almenningur eigi sem greiðastan aðgang að gögnum og skjölum sem varða ákvarðanatöku í stjórnkerfinu. Það frumvarp sem hér er til umsagnar er því mikilvægt skref í þá átt að opna almenningi leið að upplýsingum sem varða hagsmuni borgaranna.

Almennt er það um frumvarpið að segja að það stuðlar að því að rýmka rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum sé farið fram á það, með vissum takmörkunum þó. Takmarkanirnar sem varða persónulegar upplýsingar einstaklinga og almannaheill eru eðlilegar.

Í 5.gr. frumvarpsins er að finna takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, en þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga. BSRB hefur barist fyrir því að upplýsingar um laun starfsmanna hins opinbera séu birt, eins og lög segja til um og gert var á árunum áður og telur að launakjör almennt eigi að vera opinber. Fyrir alþingi liggur nú frumvarp sem gerir ráð fyrir einstaklingsbundnum samningskjörum hjá hinu opinbera og telur BSRB brýnt að upplýsingar um þau verði opinber. BSRB leggur því áherslu á að það verði tryggt með lögunum.

F.h BSRB



Svanhildur Halldórsdóttir